

### 33. fundur hreppsnefndar Ásahrepps var haldinn á skrifstofu Ásahrepps miðvikudaginn 8. júní og hófst hann kl. 09:00.

#### Fundinn sátu:

Brynja Jóna Jónasdóttir, Karl Ölvisson, Nanna Jónsdóttir, Egill Sigurðsson og Tyrfingur Sveinsson varamaður (Elín Grétarsdóttir boðaði forföll).

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Nanna Jónsdóttir.

#### Dagskrá

1. Kerfill
2. Hald
3. Ásabrekkuskógur
4. Heimasíða
5. Merkingar í byggð og á afrétti
6. Fundargerðir
7. Erindi til hreppsnefndar
8. Refaveiði, grenjavinnsla og minkaveiði
9. Sumarfrí og næsti fundur hreppsnefndar

Egill Sigurðsson oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna til fundar og leitaði afbrigða að bæta við undirliðunum g) 4. fundur Odda bs. haldinn 6. júní sl. og h) Fundur fjallskiladeildar Holtamannaafréttar haldinn 6. júní sl. við 6. dagskrárlið „fundargerðir“.

Samþykkt.

#### Gengið til dagskrár:

##### 1. Kerfill

Skógarkerfill hefur náð nokkurri útbreiðslu í Brattastíg. Þar sem um er að ræða ágenga tegund er æskilegt að leita leiða til að uppræta hann, eða a.m.k. halda útbreiðslu hans í skefjum. Eitrun snemma vors virðist vera sú leið sem hefur gefist hvað best í baráttunni við kerfil hérlendis. Einnig hefur árangur náðst með því að stinga upp stakar plöntur og slá breiður a.m.k. þrisvar sinnum á sumri.

Samþykkt með 4 atkvæðum (ES, KÖ, TS og BJJ) að eitra ef möguleiki er á í samstarfi við Landgræðsluna og áhaldahús Rangárþing ytra.

NJ situr hjá telur vænlegri kost að notast við umhverfisvæna eyðingu.

##### 2. Hald

Dagana 28. apríl – 15. maí sl. var auglýst eftir áhugasömum aðilum til að taka á leigu og hafa umsjón með rekstri á eignum á afréttinum og þar á meðal Haldi.

Eitt tilboð barst í Hald frá Vatnajökulsþjóðgarði:

*Fer Vatnajökulsþjóðgarður þess á leit við Ásahrepp að fá afnot af Ferjukoti, gangnamannahúsi Áshreppinga við Hald, frá og með 1. júní nk. sem húsnæði landvarða í Hrauneyjum. Sem tillegg í samstarf Vatnajökulsþjóðgarðs og Ásahrepps hyggst Vatnajökulsþjóðgarður greiða 450.000 kr. fyrir tímabilið allt frá 1. júní til 31. ágúst 2016.*

Hreppsnefnd samþykkir tilboð Vatnajökulsþjóðgarðs. NJ falið að ganga frá leigusamningi.

Lagt fram til kynningar lausleg skoðun frá Rarik um kostnað við að leggja rafmagn í Hald. Miðað við að fara frá Hrauneyjum þá er kostnaður ekki undir 20 milljónum kr.

##### 3. Ásabrekkuskógur

Samþykkt að kaupa tvo bekki úr íslensku greni af Skógrækt ríkisins.

#### 4. Heimasíða

Farið yfir nýja heimasíðu Ásahrepps, áætlað að hún fari í loftið í júlí.

#### 5. Merkingar í byggð og á afrétti

*Í fjárhagsáætlun Ásahrepps er reiknað með 5,0 milljóna kr. framkvæmdakostnaði vegna merkinga í byggð og á afrétti 2017 og 2018.*

Umræður um hvernig og hvar merkingar skulu vera. Ákveðið að vísa málinu til umhverfisnefndar til umsagnar.

Samþykkt.

#### 6. Fundargerðir

##### a) 110. fundur skipulagsnefndar Uppsveita bs., haldinn 10. maí sl.

Lagt fram til kynningar.

##### b) 111. fundur skipulagsnefndar Uppsveita bs., haldinn 25. maí sl. mál nr. 13 þarfnast umfjöllunar.

##### Mál nr. 13. 1505032 - Hrútur 2: Hrúthagi: Deiliskipulag

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 11. maí 2016 þar sem gerðar eru athugasemdir við deiliskipulag fyrir lóðina Hrútur 2. Þá eru lögð fram lagfærð gögn þar sem komið hefur verið til móts við athugasemdirnar m.a. með nánari skilmálum hvað varðar stærðir einstakra mannvirkja. *Skipulagsnefnd mælir með að sveitarstjórn samþykki tillöguna með breytingum í samræmi við lagfærð gögn.*

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við tillögu skipulagsnefndar og samþykkir tillöguna.

##### c) Aðalfundur Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu bs. haldinn 24. maí sl.

Lagt fram til kynningar.

##### d) 34. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu bs. haldinn 23. maí sl.

Lagt fram til kynningar.

##### e) 10. fundur Húsakynna bs. haldinn 31. apríl sl.

Lagt fram til kynningar. Nokkrar umræður urðu um málin.

##### f) 1. fundur göngu- og reiðleiðanefndar Ásahrepps haldinn 2. júní sl. liður 2 þarfnast umræðu.

##### Liður 2. Umsókn frá Hestheimum/Sumarliðabæ

Styrkumsókn frá Hestheimum ehf. vegna reiðvegagerðar í landi Sumarliðabæjar 1.

*Nefndin tekur vel í umsóknina og leggur til að umhverfis og tæknisviðið meti kostnað við verkefnið og hvernig skuli standa að framkvæmdinni.*

Hreppsnefnd samþykkir tillögu nefndarinnar.

##### g) 4. fundur Odda bs.

Lagt fram til kynningar.

##### h) Fundur fjallskiladeildar Holtamannaafreftar haldinn 6. júní sl. liður 1 og 2 þarfnast umræðu.

##### Liður 1. Tillaga frá Landsvirkjun um breytingu á girðingu við Sigöldustöð

*Erindinu var vísað til umsagnar í fjallskiladeild á 32. fundi Hreppsnefndar Ásahrepps þann 11. maí sl.*

Jón Hinrik Gíslason frá Landsvirkjun sat fundinn undir þessum lið og kynnti tillögur Landsvirkjunar.

*Fjallskiladeild gerir ekki athugasemd við fyrirbyggjandi tillögu og samþykkir hana fyrir sitt leyti.*

Hreppsnefnd samþykkir tillöguna þ.e.a.s. að girðing við Sigöldustöð verði fjarlægð og í staðin verði sett hlið við stífluna.

##### Liður 2. Áburðardreifing og viðhald girðinga

##### a) Áburðardreifing

*Gústaf Ásbjörnsson frá Landgræðslunni sat fundinn undir þessum lið.*

## Hreppsnefnd

Bera þarf á árinu 2016 33,6 tonn af áburði vegna Landbótasjóðs, 30 tonn vegna mótvægisáðgerða Sporðöldulóns og 10,2 tonn á vinnubúðasvæði og námusvæði sem sáð var í 2015.

Stefnt er að áburðardreifingu í kringum 20. júní og í framhaldinu verður tekin ákvörðun um hvenær upprekstur megi hefjast.

Samþykkt að fela Ísleifi Jónassyni verkstjórn á áburðardreifingu á Holtamannaafrétti 2016.

b) Viðhald girðinga

Samhliða áburðardreifingu verður sinnt viðhaldi á girðingu á Búðarhálsi. Landsvirkjun ber að greiða þann kostnað, bæði efni og vinnu.

Ísleifi Jónassyni falið að verkstýra tiltekt á gömlum heybirgðum við Hald og Þóristungur og kanna ástand girðinga.

Hreppsnefnd samþykkir útfærslur nefndarinnar.

## 7. Erindi til hreppsnefndar

### a) Bréf frá Umhverfisstofnun um endurskoðun á samningi Umhverfisstofnunar og sveitarfélaga um refaveiðar 2014 – 2016

Í bréfinu kemur m.a. fram að eitt af markmiðum landsáætlunar um refaveiðar var að efla samvinnu sveitarfélaga vegna refaveiða. Til að hvetja sveitarfélög til að taka þetta skref hefur

Umhverfisstofnun ákveðið að greiða 200.000 kr. á hvern sameiginlegan samning. Þau sveitarfélög sem hyggjast nýta sér þennan kost eru vinsamlegast beðin um að tilkynna það og skila sameiginlegri áætlun um refaveiðar árið 2016 til Umhverfisstofnunar fyrir 15. júní n.k.

Hreppsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti að gerður verði samningur um sameiginlega áætlun.

Sveitarstjóra falið að kann áhuga nágrannasveitarfélaganna og skila inn sameiginlegri áætlun ef vilji er til þess.

### b) Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, efni: Vinna við landsáætlun um uppbyggingu innviða – greining á uppbyggingarþörf

Óskað er eftir að tilnefndur verði tengiliður eða fulltrúi sveitarfélagsins við gagnaöflun vegna undirbúnings að landsáætlun um uppbyggingu innviða.

Samþykkt að tilnefna sveitarstjóra.

### c) Erindi frá Hapdrætti Krabbameinsfélagsins um kaup á hapdrættismiða kr. 1500.-

Samþykkt

### d) Erindi frá Sveini Tyrtingssyni um að hreppsnefnd Ásahrepps mótmæli fyrirbyggjandi drögum að tillögu, frá verkefnisstjórn 3. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar, um að setja svokallaða Kjalölduveitu í verndarflokk.

Ákveðið að leita umsagnar umhverfisnefndar Ásahrepps og lögfræðings sveitarfélagsins.

## 8. Refaveiði, grenjavinnsla og minkaveiði

Á 30. fundi hreppsnefndar var afgreiðslu frestað á beiðni Arnars Arnarsonar um gerð samnings um grenjavinnslu.

Nú liggur fyrir tillaga að áætlun um refaveiði innan landsvæðis Ásahrepps í byggð. Áætlunin gerir ráð fyrir að skipta því upp í tvö svæði og mun Örn Arnarson annast grenjavinnslu á öðru þeirra en Elimar Helgi Sigurbjargarson sér um hinn hlutann.

Samningarnir við Helga og Örn eru ótímabundnir með þriggja mánaða uppsagnarfresti, sveitarstjóra falið að ganga frá samningum.

Ekki er greitt fyrir ref nema samkvæmt samningum.

Tekið er við minkaskottum frá ábúendum jarða í Ásahreppi, greiðsla fyrir skott 3500 kr.

Samþykkt.

## 9. Sumarfrí og næsti fundur hreppsnefndar

Hreppsnefnd tekur sumarfrí í júlí, næsti fundur hreppsnefndar verður 10. ágúst nk. á Laugalandi kl. 09:00.

## Hreppsnefnd

**Til kynningar:**

- A. 10. fundargerð Fræðslunefndar Rangárbings ytra og Ásahrepps, 24.05.2016
- B. Workshop í Vík vegna kynningarferðar 10. júní
- C. Staðfesting á fundarstöðum, tíma og staðsetningu vegna kynninga á samningi FG
- D. Fundargerð 839. fundar stjórnar sambandsins
- E. HSK fréttir 2. júní 2016
- F. FRÉTTATILKYNNING - Fimm kennarar hlutu viðurkenningu fyrir framúrskarandi störf - Menntavísindasvið Háskóla Íslands
- G. Ný reglugerð um einelti ? framkvæmd í opinberum rekstri: Áhrif stjórnsýslu- og upplýsingaréttar. Morgunverðarfundur 10. júní nk.
- H. Frá nefndasviði Alþingis - 785. mál til umsagnar
- I. Vinna barna og unglunga – dreifibréf, Vinnueftirlitið
- J. Tillögur að breytingum á reiknilíkani vinnumats grunnskólakennara
- K. Saga tölvuvæðingar á Íslandi 1964-2014 - fyrstu 50 árin
- L. Tíðindi maí 2016
- M. Sumaráætlun Strætó 2016
- N. Landgræðslan: Seyra til uppgræðslu á Hrunamannaafretti
- O. Fjölmíðlar S- hópur
- P. Matslýsing vegna kerfisáætlunar 2016-2025
- Q. Uppbyggingarsjóður Suðurlands úthlutar 38 milljónum
- R. Varðandi tilnefningu Vatnajökulsþjóðgarðs á heimsminjaskrá UNESCO
- S. Fréttabréf ASÍ - maí 2016
- T. Inkasso-innheimta
- U. Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu bs.
- V. Skref í rétta átt
- W. Skógrækt ríkisins
- X. Tíund RSK

4

Fundargerð yfirlésin, samþykkt.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 12:20

---

Tyrfingur Sveinsson (sign)

---

Brynja Jóna Jónasdóttir (sign)

---

Karl Ölvisson (sign)

---

Egill Sigurðsson (sign)

---

Nanna Jónsdóttir (sign)